



BRÚIN

Félag Íslendinga í
Luxembourg

2. tbl. 2008, - 18. árg.
Febrúar 2008

Þorrablot

Haldið 1. mars 2008 í Am Sand í Niederaanven

Dagskrá

18:00 Fordrykkur

18:50 Ávarp formanns FÍL

19:00 Veislustjóri er Steinn
Ármann Magnússon
Borðhald hefst

Skemmtiatriði kvöldsins
Þórhallur Sigurðsson (Laddi) skemmtir ásamt
Steini Ármanni Magnússyni og Þórhalli
Þórhallssyni.
Hjörtur Howser sér um undirleik.

Happdrættisútdráttur

23:00 Hjómveitin **Sólon** leikur fyrir dansi og er hún
skipuð eftirfarandi
Ásgeir Guðmundsson stærsti söngvari Íslands-
sögunnar
Viðar Steingrímsson, bassaleikari
Guðmundur Jónsson, gítarleikari
Þórir Þórisson, trommuleikari

03:00 Lok dansleiks

Sérstök athygli er vakin á því að þorrablotið verður í salnum
Am Sand í Niederaanven sem er á bak við
verslunarmiðstöðina Match.



Miðaverð í forsölu

€ 75 fyrir félagsmenn
€ 95 fyrir utanfélagsmenn
€ 55 fyrir 25 ára og yngri

Miðaverð eftir forsölu og við
inngang € 95, meðan húsrúm
leyfir.

Dansleikur (eftir kl. 23:00) € 30

Pantið miða og bókið borð á www.islandus.net

Bókað verður á átta manna hringborð, vinsamlegast takið
fram hverjir eiga að sitja við borðið og á hvaða nafni borðið
er pantað. Miða er hægt að greiða og sækja skv. eftirfarandi

Ásta Björk Sigþórsd., Landsbanki Lux. s. 691 699 910
Birna Björnsdóttir, Cargolux s. 621 375 875
Guðbjörg Steinarrsd. Hesperange s. 691 637 888
Kolbrún Eir Óskarsd. Weiler-la-Tour s. 621 769 550
Matthildur Kristjánsd. Godbrange s. 621 142 060
Bjargey Elíasdóttir Kaupthing Bank L. s. 621 244 821

Skreyti og borðanefnd þorrablotsins skipa eftirfarandi

Kolbrún Eir Óskarsdóttir Kolbrún Ýr Jónsdóttir
Kristjana Steingrímisdóttir Kristján Árnason

Þema blótsins verður SVART OG HVÍTT og til gamans vill
nefndin beina þeim óskum til gesta að klæðast svörtum
og/eða hvítum klæðnaði og/eða aukahlutum ef fólk hefur
tök á.

Í þessu blaði:

Þorrablot FÍL 1

Barnaskemmtun Ladda 1

Snow and Fun Luxembourg 2

Guðsþjónusta 2

Iceland on the edge 2

Hörður Torfa á Check-Inn 2

Lína Rut málverkasýning 2

Íslenskuskólinn 2
Hestamannamót

Landsflug 2

Til umhugsunar 3

Eric Clapton á Íslandi 3

Ís - Lands - Kaup 3

Thermos og borðbúnaður 3

Þorrinn 3

Brandarhornið 3

Ráðagóðahornið o.fl. 3

Friðagar í Luxembourg 4

Litlu dálkarnir



Vinsamleg tilmæli frá stjórn FÍL

Stjórn FÍL vill beina þeim tilmælum til þorrablotsgesta
við komuna í salinn að finna nöfn sín á þeim listum sem
uppi eru og skoða hvar borðin eru staðsett í salnum.

Til þess að minnka álag á barinn þegar borðhald hefst,
þá er gestum ráðlagt að ljúka þeim viðskiptum sem fyrst
eftir komu og hafa tilbúið á borðum sínum þegar
gestum er boðið til borðs.

Barnaskemmtun með Ladda

Sunnudaginn 2. mars stendur til að halda
barnaskemmtun með hinum frábæra íslenska
skemmtikrafti Ladda.

Þetta verður nánar auglýst síðar.

Stjórn FÍL

Á döfnni:

- Iceland on the edge
BOZAR EXPO til 15. júní
- Après-ski party 29. febrúar
- Þorrablot FÍL 1. mars
- Laddi barnaskemmtun 2. mars
- Íslenskuskólinn, eftir þorrablot
- Guðsþjónusta 16. mars
- Hörður Torfa, tónleikar 11. apríl
- Guðsþjónusta 11. maí
- Hestamannamót 30. maí
- Eric Clapton á Íslandi í ágúst



Snow and Fun Luxembourg



Airlines Après - Ski Party verður föstudaginn 29. febrúar næstkomandi á Check Inn, Findel frá kl. 21:00.

Miðar eru seldir í forsölu á 5€ og gilda sem happdrættismiðar fyrir alla og einnig sem inngangsmiðar fyrir þá sem koma í partyið.

Glæsilegir happdrættisvinningar eru í boði og má nefna t.d. ferð fyrir tvo til Íslands með gistingu o.fl., skiðaferðir, flugmiðar, GSM sími og margt, margt fleira.

Miða má nálgast hjá Þóru í síma 621 501 117 og Gulla í síma 691 356 966.

Allir eru velkomnir.

F.h. Apés-Ski Committee
Thora Karlsdóttir

Hestamannamót

Tíunda alþjóðlega hestamannamótið með hesta frá Íslandi verður haldið í Schrassig dagana 30. maí og 1. júní næstkomandi.

Mót þetta hefur verið haldið annað hvert ár. Nánar auglýst síðar.

Albert Schiltz
Tel +352 356 072
E-mail a.schiltz@pt.lu

Landsflug

"Fritt" til landsins fljúga áttum Jóa Kristins treysta máttum Nú er allt svo yfirgefið Honum er þó fyrirgefið

Bráðum byrjar senn á ný Handan bifast landsins ký Áður til landsins glöð við geystum Á Jóa Kristins enn við treystum

Ölli

Börnin og ástin

Reglan er sú að ef maður kyssir einhvern á maður að giftast honum og eignast með honum börn.

Þannig á maður að gera.

Helgi, 8 ára

Guðspjónusta

Næsta guðspjónusta verður sunnudaginn 16. mars næstkomandi kl. 16:30, takið sérstaklega eftir breyttum tíma.

Sr. Sigurður Arnarson mun predika og þjóna fyrir altari. Mælt er til að tilvonandi fermingarbörn og aðstandendur þeirra mæti.

Eftir guðspjónustuna sunnudaginn 16. mars verður sr. Sigurður með fyrirlestur í kirkjunni sem ber yfirskriftina "Sorgin og sárin" og allir sem vilja hjartanlega velkomnir.

Fyrirhugað er að næsta guðspjónusta verði á Hvítasunnudag 11. maí 2008.

Fermingarbörn eiga að mæta kl. 10:00 í Ernster og verða með sr. Sigurði eitthvað fram eftir degi.

Nánari tilkynnt síðar.

Kirkjunefndin

Hörður Torfa í Luxembourg

Söngvarinn og ljóðaskáldið Hörður Torfason verður með tónleika kl. 20:00 á Check - Inn 11. apríl næstkomandi.



Nánar auglýst síðar en miðapantanir eru hafnar í síma 356593 og á e-mail h.knudsen@alternet.lu

Laufey Ármannsdóttir

Íslenskuskólinn

Ákveðið hefur verið að Íslenskuskólinn hefjist ekki fyrr en eftir þorablót. Foreldrar eru hvattir til þess að koma skoðunum sínum á framfæri samanber tilkynningu hér að neðan, sem birtist í janúar Brú.

Þar sem mjög léleg mæting var í skólann á síðustu önn í Ernster vill FÍL kanna áhuga á því hvort foreldrum og börnum komi betur að hafa tímana á þriðjudögum kl. 13:30 - 15:00 eða á laugardögum áfram en á breyttum tíma þ.e. kl. 11:00 - 12:30.

Komið athugasemdum til stjórnarinnar á fil@islandus.net sem fyrst svo hægt verði að hefja skólann sem fyrst og sjá hvaða tími hentar betur.

Íslenskuskólinn í Internationalskólanum er hafinn og er með óbreyttu sniði frá síðustu önn. Þar hafa börn verið mjög dugleg að mæta.

Stjórn FÍL

Iceland on the edge

Íslandskynningin í Brussel "Iceland on the edge" er yfirskrift umfangsmikillar Íslandskynningar sem hefst 26. febrúar í Brussel í Belgíu og mun standa fram í júní.



Utanríkisráðuneytið og menntamálaráðuneytið standa að hátíðinni, auk fjölda opinberra aðila og einkaaðila hérlendis og erlendis.

Á dagskrá hátíðarinnar verða menningarviðburðir, kynning á viðskiptum, ferða- og ráðstefnumál og orkumál. Viðamikilli menningardagskrá hátíðarinnar er ætlað að bregða upp mynd af gróskumiklu lista- og menningarlífi Íslands.

Eftir verður til sýningar á verkum Kjarvals, Kristjáns Davíðssonar og Georgs Guðna, framsæknir tónlistarmenn kveðja sér hljóðs sem og vonarstjörnur úr klassíska geiranum. Íslenskar kvikmyndir, dans og bókmenntir verða í öndvegi, leikgerð Baltasars Kormáks á Pétri Gaut eftir Ibsen verður sýnd og málþing haldið um verk Halldórs Laxness.

Markmið kynningarinnar er að vekja áhuga og forvitni og að styrkja ímynd Íslands á alþjóðavettvangi, nokkuð sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra segir afar mikilvægt.

Hátíðin kostar um 120 milljónir króna. Íslendingar, hið opinbera og einstaklingar, borga helminginn, á móti BOZAR lista- og menningarmiðstöðinni í Brussel, sem hýsir hátíðina og sér um markaðssetningu hátíðarinnar. Ingibjörg Sólrún segir Brussel ákjósanlegan stað til að halda svona kynningu.

Skoðið nánar á www.bozar.be

ruv.is/netpóstur/ritstjóri

Málverkasýning - Lína Rut

Dagana 28 - 30 mars næstkomandi mun myndlistarkonan Lína Rut, sem búsett er í Luxembourg, vera með sýningu á verkum sínum í salnum Abbaye de Neumunster.

Nánar verður fjallað um sýningu Línu Rutar í næsta tölublaði Brúarinnar.

Lína Rut sýnir um þessar mundir skúlptúra og málverk í Galerie Schortgen Artworks í Luxembourg.

Ritstjóri



Ís - Lands - Kaup

Mín hugmynd um nafnið á bankanum var **Ís - Lands - Kaup** en nú er hver í sínu horni og allt farið fjandans til.

Farið er allt "fjandans" til
Ferlegt nú er ástandið
Gera þarf í skyndi skil
Eða annan mann við stjórnborðið

Aurum ausið í allar áttir
Álít "fjandinn" gangi laus
Semja þurfum við þann sáttir
Ekki aftur yfir haus

Brefið falla brátt í núll
Bara því má ekki gleyma
Aurarnir hjá "Áka Lúll"
Áfram halda streyma

Látum okkur lánast betur
Lekana að loka fyrir
Bæði biða Jón og Pétur
Byrðirnar að komast yfir

Orðaskýringar

Áki og fjandinn er einn og sami
maðurinn = aurapúkinn eða
auðmaðurinn.
Settu nafnið inn þar sem við á og
lestu ljóðið aftur.

Ölli

Ráðagóðahornið

Prófið bílabón á flísarnar á baðinu,
glansinn heldur sér lengi.

Annað ráð við baðflísar er að setja
edik út í vatnið áður en þrifið er.

Prófið að hella kóki (með gosi) á
fitubletti. Látið liggja í 1-2 mínútur
og skellið svo í þvottavélina.

Besta ræstikremið; blandið
matarsóda við smá vatn, virkar líka
sem lyktareyðandi.

Setja smáslettu af mýkingarefni út í
vatnið þegar er verið að þrifa
glugga.

Eftir opnun dósa t.d. með sýrðum
rjóma, jógúrt, idýfum eða sósum
er gott ráð að geyma dósirnar á
hvolfi. Geymsluþolið eykst við
þetta.

Skellið sveppunum í eggjaskerann
og málið er afgreitt.

Ritstjóri

Thermos - Brúsar

Hróp úr vestri. Ekki villta vestrinu,
heldur úr sjóræningjahúsinu sem
verður opnað næsta sumar á Patró
(Patreksfirði). Það er verið að leita
að köflóttum Thermos kaffibrúsum
og borðbúnaði í hvítum, svörtum,
gráum og brúnum litum.

Ef einhver vill gefa gamla, köflotta
Thermos brúsa og borðbúnað í
ofangreindum litum þá er það vel
þegið.

Það sem til fellur í Luxembourg
getur Guðbjörg ritstjóri Brúarinnar
móttekið en á Íslandi tekur Anna
Viðarsdóttir í Garðheimum í
Mjóddinni við hlutunum.
Fyrirfram þakkar.

Ritstjóri

Sjálfkældur bjór

Bandaríska tæknifyrirtækið
Tempera Technology vinnur að
þróun bjórdósar sem kælir sig sjálf
á þremur mínútum og helst köld í
allt að 45 mínútur. Í dósinni er lítið
kæli - og þéttikerfi sem er náttúru-
vænt og ætti því hvorki að spilla
bjórnum né nánasta umhverfi.
Búnaðurinn virkar þannig að þegar
bjórdós er opnuð dregur kæli-
búnaðurinn í sig raka frá miðinum
og myndar gufu sem kælir bjórinn.
Dósir er jafnstór háls lítra bjórdós
en vegna kælibúnaðarins rúmast
ekki nema 0,37 desílitrar í henni.

Ritstjóri/netpóstur/markaðurinn

Páskafrí nálgast



Nú nálgast
páskafríð
óðfluga og
börnin farin
að hlakka til
að leita eggja
sem falin eru
úti um allt
og/eða borða
súkkulaði-
egginn góðsætu

með litla sæta unganum uppá, já
eða strumpunum eða gömlu góðu
andafjölskyldunni.....

En nú er þorrinn og fullorðna fólkið
hlakkar til þorrablótisins þar sem
þeman verður svart og hvítt og
dansinn dunar fram eftir nóttu.
Gaman þegar allir hafa eitthvað til
að hlakka til!

Ritstjóri

Til umhugsunar

Meira um filkniefni

Það verður erfiðara og erfiðara
fyrir einstakling sem ánetjast
filkniefni að lifa eðlilegu lífi.

Hjá unglíngum verður gjarnan vart
við eftirfarandi einkenni.

Snöggar breytingar á lífstíl, til
dæmis í klæðnaði og viðhorfum,
stundum lengi í sömu fötum ... og
jafnvel drusluleg fót.

Áhugaleysi á skólanámi, til dæmis
lægri einkunnir o.s.frv. (og er alveg
sama).

Nýjir vinir og meiri fjarvistir með
vafasömum skýringum.

Miklar geðsveiflur (skapofsaköst,
þunglyndi, einangrar sig).

Eyðir til dæmis miklum tíma einn í
sínu herbergi.

Breyttur svefntími.

María Huesmann Karlsdóttir
Counselor/Consultant IC&RC
Tel. +352 358 556
E-mail huesmann@pt.lu

Þorrinn

Þorrinn er fjórði mánuður vetrar,
veturinn er hálfnaður. Hann hefst í
þrettánda viku vetrar með
bóndadegi. Sagan segir að á
bóndadegi hafi húsbóndinn átt að
bjóða þorra velkominn eða fagna
þorra með því að fara fyrstur á
fætur allra manna þennan dag. Síðan
átti bóndinn að fara út í skyrtnuni
einni saman, vera bæði berlæraður
og berfættur, en fara í aðra
brókarskálmina og láta hina svo lafa
eða draga hana á eftir sér á öðrum
fæti. Hoppa svo í kringum allan
bæinn og bjóða þorra velkominn.


Áður fyrr var lífsbaráttan á Íslandi
miklu harðari en hún er í dag. Húsin
voru köld og matur af skornum
skammti. Þorrinn gat reynst
mönnum erfiður sérstaklega ef hey
voru lítil því þá var hætta á að fóður
dygði ekki fyrir dýrin út veturinn en
skepnurnar voru undirstaðan fyrir
öllu lífi fólksins.

Yfir kaldan eyðisand
einn um nótt ég sveima.
Nú er horfið Norðurland,
nú á ég hvergi heima.

Kristján Jónsson (1842–1869)
Heimild/Námstafnun

Eric Clapton

Hinn vinsæli hljómlistarmaður Eric
Clapton ásamt hljóm sveit mun
koma fram á tónleikum á Íslandi í
Egilshöll föstudagskvöldið 8. ágúst
næstkomandi á Evróputónleikaferð
sinni vegna útgáfu tvöföldu
safnskífunnar Complete Clapton.



Complete Clapton inniheldur 36
lög frá rúmlega 40 ára ferli
Claptons sem sólólistamanns og
með hljóm sveitum eins og Cream,
Blind Faith og Derek and the
Dominos.

Rúmlega 10.000 aðgöngumiðar
verða í boði á tónleikana á
www.miði.is og á afgreiðslustöðum
miði.is og hefst miðasala 4. mars kl.
10:00

Netpóstur /Ritstjóri

Frídagar í Lux

24 Mar 2008	Easter Monday
01 May 2008	Labour Day
12 May 2008	Whit Monday
23 Jun 2008	National Holiday
15 Aug 2008	Assumption
01 Nov 2008	All Saints
25 Dec 2008	Christmas Day
26 Dec 2008	Boxing Day

Dagatal á Íslandi

Skoðið vefsíðuna www.dagatal.is
Þar er að finna dagatalið á Íslandi
yfir nokkur ár.

Brandarhornið

- Hvað ertu að gera?
- Ég er að þvo á mér hárið.
- En þú notar ekkert vatn!
- Nei, það stendur á flöskunni að
þetta sé sjampó fyrir þurr hár.

- Hvers vegna taka Hafnirðingar
alltaf hurðina af áður en þeir fara á
klósettið?
- Til þess að enginn kiki í gegnum
skrárgatið!

- Af hverju var fillinn á hjólaskautum?
- Konan hans var á bílnum!



Félags Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg
12 enner der Haerdchen
L-6170 Godbrange

Umsjón fréttablaðs:

Guðbjörg Steinarrsdóttir, ritstjóri
Matthildur Kristjánsdóttir, ábyrgðarmaður
bruin@islandus.net

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000
Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl

BRÚIN

www.islandus.net

Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2006-2007

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður,	787 0771,	621 142 060	fil@islandus.net
Ingvi K. Guttormsson, ritari	350 206,	621 295 185	ikg@pt.lu
Ólafur Ólafsson, gjaldkeri	26 665 326,	621 365 895	island@pt.lu
Birna Björnsdóttir, meðstjórnandi	358 823,	621 375 875	birnabs@pt.lu
Guðbjörg Steinarrsd., meðstjórnandi,	365 163,	691 637 888	gst@gmx.co.uk
Óskar Bragi Sigbórsson, varamaður,	26 945 006,	691 348 737	oskars@islandus.net

Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Elsa Dórothea Kjartansdóttir	621 572 779	elsakja@simnet.is
Heiða Ingimundardóttir	691 757 767	hei5@hi.is
Dagný Broddadóttir	621 541 292	dagny@vma.is

Stjórn Kirkjunefndar 2006-2007

Eyjólfur Hauksson	formaður,	768 545
María Huesmann		358 556
Sólveig Stefánsdóttir		789 341
Agnar Sigurvinsson		435 183



Stjórn leikklúbbsins Spuna

Inga Hrefna Kristjánsdóttir	formaður,	691 598 598	ingahr@pt.lu
Stella Jóhannesdóttir	ritari,	357 064	stella26@pt.lu
Íris Þorkeldsdóttir	gjaldkeri,	780 510	iristhorkels@yahoo.co.uk

Stjórn Íslandsdeildar Basar International í Luxembourg

Vala Björg Arnardóttir	formaður,	26 945 378	621 674 427
Ingunn Guðmundsdóttir	gjaldkeri,	26 945 006	691 741 858
Guðný V. Benediktsdóttir	(innkaupast.),		661 200 206
Herdís Þórisdóttir (Dísa)		350 206	
Hjördís Ingvarsdóttir,			621 485 563
Tekla Skowronski			

Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Félagsgjöld eru € 40 á mann eða € 80 á hjón. Eindagi félagsgjalda er 1. apríl. Vinsamlegast greiðið félagsgjöld á bankareikning félagsins. Reikningur hjá BGL númer LU62 0030 0379 1724 0000, setjið nafn greiðanda sem tilvísun.

Litlu dálkarnir

Smáauglýsingar

Til sölu

Mjög lítið notaðir kvenmanns skíðaskór eru til sölu fyrir sanngjarnt verð. Nordica, skóstærð 38. Upplýsingar veittar í síma 357 064

Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?

Handbók foreldra sem eru að byrja að gefa börnum sínum fasta fæðu. Ráðleggingar og svör við spurningum foreldra sem vilja gefa barni sínu næringarríkan og heilsusamlegan mat. Bókin kostar 3.750 kr. ísl. og er seld á www.bibiogblaka.is Bókin er send heim til kaupenda hvert í heim sem er. Sendingarkostnaður er enginn.

Íslenskur fiskur og kjöt til sölu. Spyrjist fyrir og pantið hjá Icekost. Billinn verður í Luxembourg þann 8. mars næstkomandi. Netfang icekost@t-online.de símar eru +49 4298 466 826 og +49 178 9055 862

Íslenskt í ScanShop

Eins og áður hefur komið fram þá er íslenskt skyr komið í sölu í Luxembourg og líka íslenskt sælgæti. Verslunin ScanShop er á 615 rue de Neudorf, L-2220 Luxembourg.

Tilkynningar

Gefins

Gestarúm fæst gefins. Rúmið er 130x200 með gaffli og rúmfata-skúffu. Upplýsingar í síma 348452

Gisting við ævintýraheim Arnarhreiddursins

Helga Þóra Eder rekur fallett gistiheimili sem nefnist Friðartún í Þýsku Ölpunum. Friedbichlweg 14, 83471 Schönau am Königssee. Sími: +49 8652 4123 Gsm +49 1609 607 74 32 www.friedwiese.de/isl.htm E-mail eder@friedwiese.de

Símaskrá

Breytingar

Gígja Birgisdóttir
Jerome Wigny
191 rue de Pommieres
L-2343 LUXEMBOURG
E-mail gigja@pt.lu

Magnús Ragnarsson
Heiða Ingimundardóttir
23 route de Martelange
L-8821 KOETSCHETTE

Nýjir meðlimir

Sigþór Hilmar Guðmundsson
Ólöf Linda Sverrisdóttir
6 cité am Wenkel
L-8086 BERTRANGE
Gsm SHG 621 260 837
Gsm ÖLS 621 596 867
E-mail SHG_sigthor@glitnir.lu
E-mail ÖLS lindasverris@gmail.com

Fæðingar

Heiða Ingimundardóttir og Magnús Ragnarsson dótturina Ólmu Rós þann 27. janúar síðastliðinn. Hún var 3360 gr. og 50 cm. Við óskum þeim til hamingju.

Gígja Birgisdóttir og Jerome Wigny eignuðust soninn Viktor þann 6. febrúar síðastliðinn. Hann var 3400 gr. og 51 cm. Við óskum þeim til hamingju.

Áhugaverðar heimasíður

www.adclux.info
www.e-ticket.lu
www.katabox.com
www.luxembourgticket.lu
www.popconcerts.de
www.rbenedikta.com
www.show.lu
www.topsquash.lu
www.thorunn.lu

Börnin búa til sín eigin orðtök, málhætti eða mismæla sig, skoðum nánar;

"Margri nunnur er "ábótavant"